



Reykjavík, 13. apríl 2023

Efni: Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur (lögheimilisflutningur 895. mál.

Stígamót lýsir yfir stuðningi við það frumvarp til laga sem hér er til umfjöllunar. Ofbeldi karla gegn konum er staðreynd og í flestum tilvikum er um ofbeldi af hendi nákomins að ræða, það sem í þessu frumvarpi er kallað heimilisofbeldi.

Frumvarpið leggur til að hægt sé að fara fram á breytingu á lögheimili án samþykkis maka ef um heimilisofbeldi er að ræða, það aftur á móti auðveldar brotápolum að fá dulið lögheimili. Þetta er framför þegar brotápolur, yfirleitt konur, þurfa að tryggja öryggi sitt og jafnvel barna sinna gagnvart ofbeldisfullum maka.

Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst fyrir hönd Stígamóta,

Drífa Snædal, talskona